



## Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

### Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 3 júní 2003

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

### Fundur 6. maí

Búið er að undirrita verksamning vegna byggingar salernis/hreinlætisaðstöðu fyrir tjaldstæði. Verið er að vinna að lokaskipulagi svæðisins í samvinnu við teiknistofu. Búið er að fá verðtilboð í flutning á salerni/hreinlætisaðstöðu frá framleiðanda til Bakkafjarðar. Samkvæmt framkvæmdaráætlun verður tjaldstæðið tekið í notkun 17. júní kl. 14.00.

Úttekt á nýjum löndunarkrana er lokið og er búið að taka hann í notkun. Siglingastofnun mun sjá um lokaskipulagningu á hafnarsvæðinu. Áætlað er að framkvæmdir við stækkun Sjafnarbyggju hefjist í júní.

Fyrri umræða um breytingar á samþykktum sveitarfélagsins. Lagðar eru til breytingar á 51 grein, eftirfarandi: umhverfis-, skipulags-, húsnæðis-, byggingar og hafnarnefnd verði sameinaðar í eina nefnd og skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Í skólanefnd verða þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Stjórn bókasafns og héraðsskjalasafn Austfirðinga þrjú aðalmenn og þrjú varamenn, þar sem formaður verður aðalfulltrúi og ritari varamaður. Fellt niður búfjáeftirlitstmaður og úttekatarmaður vegna lagabreytingar. Breyting á 59. grein, fjárhagsáætlun næsta árs afgreiddist fyrir lok desember. Samþykktirnar með fyrrgreindum breytingum hafa verið sendar félagsmálaráðuneytinu til kynningar.

Kosningar í nefndir samkvæmt breyttum samþykktum. Skólanefnd, aðlmenn Hrefna Högnadóttir, Dagrún Þórisdóttir og Selma Björk Hauksdóttir og varamenn Óskar Haukur Óskarsson, Sigríður Ósk Indriðadóttir og Margrét Hrafnadóttir.

Samþykkt þátttaka í sameiginlegum verkefnum skóla og félagsþjónustu norðursvæðis.

Breytingar á gjaldskrá Haust teknar til afgreiðslu og samþykktar.

Tekinn fyrir samningur á milli Seyðisfjarðar, Vopnafjarðar og Skeggjastaðahrepps um rekstur á sameiginlegri barnarverndarnefnd, samþykkt að halda málinu áfram.

Beiðni barst um svæði undir golfvöll, 2-5 brautir. Tekið jákvætt í erindið og óskað nánari útlistinga á staðsetningu.

## Fundur 15.maí

Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins teknar til afgreiðslu, samþykktar samhljóða.

Kosið í umhverfis-, skipulags-, húsnæðis-, byggingar og hafnarnefnd. Aðalmenn eru: Brynhildur Óladóttir, Jón Marínó Oddsson og Hermann Ægir Aðalsteinsson. Varamenn eru: Marínó Jónsson, Hafliði Jónsson og Stefnir Magnússon.

## Fundur 3. júní

Samningur hefur verið undirritaður um rekstur á sameiginlegri barnaverndarnefnd, kjörnir sömu og í niðurlagðri nefnd.

Staða framkvæmda á hafnarsvæði kynnt. Skipulag hafnarsvæðisins verður teiknað upp og breytingar settar á hafnaráætlun næsta árs.

Lögð fram teikning af hlerum fyrir sorpurðun. Ákveðið að fá tilboð í smíðina.

Þjónustumiðstöð (salerni/hreinlætisaðstaða) fyrir tjaldstæðið verður tilbúin til afhendingar um næstu helgi, áætlað er að hún verði sótt næstkomandi mánudag.

Lagt fram uppkast af bréfi þar sem skorað er á vegagerðina að fara í framkvæmdir í Finnafjarðará og Saurbæjará þó að malbikun við Geysirófu seinki af þeim sökum. Ákveðið að senda bréfið og afrit til þingmanna norðaustur kjördæmis.

Fengist hefur úthlutun úr styrkvegasjóði uppá kr. 1.500.000. til framkvæmda á árinu 2003.

Laga þarf neysluvatn í skóla, ákveðið að leita tilboða.

## Fundur 6. júní

Bréf lagt fram vegna starfsmanna Ratsjárstofnunar á Gunnólfsvíkurfjalli, samþykkt að senda bréfið til utanríkisráðherra og afrit til Jóns Böðvarssonar og þingmanna norðaustur kjördæmis.